

# Til athugunar fyrir starfsfólk leikskóla

áður en barni á aldrinum 3,6-4 ára er vísað til málfarslegrar athugunar

Nafn barns: \_\_\_\_\_ Kt. \_\_\_\_\_  
Leikskóli: \_\_\_\_\_ Útfyllt af: \_\_\_\_\_

**Þegar grunur vaknar um málþroskaröskun fylgist þá með barninu í a.m.k. fjórar vikur í eftirtöldum athöfnum og skoðið hvernig málnotkun er þar:**

- Í leik við jafnaldra.
- Í samræðum við fullorðna.
- Í samræðum/samskiptum við jafnaldra.
- Við hlustun á sögu.
- Við svörun á spurningum.

Skriðið stutta lýsingu á frammistöðu barnsins við þessar aðstæður.

**Undirstrikið það sem getur átt við barnið:**

Tíðar eyrnabólgur ♦ varanleg heyrnarskerðing ♦ þroskaröskun ♦ veikindasaga ♦ áföll (líkamleg eða andleg) ♦ mörg tungumál í gangi í nánasta umhverfi ♦ ættarsaga um málþroskaröskun og/eða leshömlun ♦ vanörvun varðandi mál, tal og lestur.

## 3,6 - 4 ára börn

**Þegar allt er í lagi með mál og tal getur barnið eftirtalin atriði:**

- Barnið heyrir þegar kallað er á það úr öðru herbergi.
- Barnið skilur einfaldar spurningar; *hver? hvað? hvar? hvers vegna? (af hverju?)*
- Barnið talar um það sem það gerir í leikskólanum og með leikfélögum sínum.
- Ókunnugir skilja yfirleitt það sem barnið segir.
- Barnið notar setningar sem eru allt að fjögur orð eða fleiri.
- Barnið talar venjulega reiprennandi án þess að endurtaka orð eða orðhluta.

**Eðlilegt er að mikið sé um framburðargalla fram yfir 4 ára aldur (mjög mikið gerist í framburðarþróun frá 3,6 - 4 ára aldurs).**

***Hvenær er ástæða til að hafa áhyggjur?***

**Áður en 3,6 - 4 ára barni er vísað til málfarslegrar athugunar er lagt til að búið verði að leggja Íslenska þroskalistann fyrir foreldri/forráðamann þess.** Ef mælitölur á *Hlustun* eða *Tali* eru <40 og merkt er við eitthvað af eftirfarandi atriðum er ástæða til að vísa barninu.

**Málskilningur - máltjáning - framburður**

Ef barnið:

- notar örfá orð.
- notar stuttar setningar (3-4 orð).
- notar fáa samhljóða (b-m-d).
- ansar ekki alltaf þegar talað er við það.
- fer ekki eftir einföldum fyrirmælum.

- vill ekki hlusta á sögu.
- vill bara fletta bókinni en ekki láta lesa fyrir sig.
- hikarog höktir svo mikið í tali að það háir því í tjáningu, sem hefur varað lengur en 6 mánuði.
- stamar, hefur varað lengur en í 6 mánuði.
- ef mikill munur er á mállegri og verklegri getu barnsins (dundar vel í athöfnum þar sem ekki reynir á mál, en óróleiki, spennu og úthaldsleysi gjósa upp þegar um málkröfur er að ræða).

Aðrar athugasemdir sem óskað er að koma á framfæri:

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----

-----